

## **Þjónustuyfirlýsing upplýsingaþjónustunnar**

- Upplýsingaþjónusta Borgarbókasafns er alltaf til staðar þegar safnið er opið.
- Upplýsingaþjónustan er á ábyrgð bókasafns- og upplýsingafræðinga eða annarra háskólamenntaðra starfsmanna safnsins sem hafa þjálfun í að veita faglega upplýsingaþjónustu.
- Upplýsingaþjónustan er fyrir alla, einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki. Áhersla er lögð á upplýsingaþjónustu fyrir þá sem ekki hafa aðgang að upplýsingaþjónustu á vinnustað sínum eða skóla. Hún er veitt án endurgjalds og er fyllsta trúnaðar gætt.
- Aðgangur er að úrvali uppsláttar- og fræðiritra á hvaða formi sem er.
- Leiðbeiningar eru veittar varðandi safnkost Borgarbókasafns og um notkun rafrænna gagnasafna, innlendra sem erlendra.
- Notendur eru aðstoðaðir við heimildaöflun og við að finna svör við staðreyndaspurningum.
- Ef viðeigandi gögn og heimildir finnast ekki í Borgarbókasafni er notendum bent á önnur bókasöfn eða leiðbeint með millisafnalán.
- Fyrirspurnum sem berast með tölvupósti er svarað eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan tveggja virkra daga.